

Mál nr. 382/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Sönnun. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 17. október 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 13. nóvember 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 20. nóvember 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 12. ágúst 2022 slasast við vinnu sína í þágu X er hann rann og féll niður um tvo til þrjá metra á steinsteypt gólf. Í slysinu hlaut M bakbrot. Vegna slyssins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V en af hálfu V var bótaskyldu hafnað með bréfi dags. 16. október 2024 með vísan til þess að um óhappatilvik hafi verið að ræða. M byggir kröfu sína á að slysið verði rakið til saknæmrar og ólögætrar háttsemi sem X beri ábyrgð á samkvæmt meginreglum íslensks skaðabótaréttar um sakarábyrgð og vinnuveitendaábyrgð. Hann hafi dottið úr stiganum sökum hættulegs vinnuumhverfis, vanbúnaðar og brota atvinnurekanda á að gæta þess að hafa vinnustaðinn í samræmi við þær ríku kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum settum á grundvelli þeirra laga. X hafi borið að ganga úr skugga um að eina umferðarleiðin milli hæða væri greið og örugg og að stiginn væri nægilega hár, fastur við vegg og með hálkuvörn í stigaprepum. Ekkert af þessum öryggisatriðum hafi verið uppfyllt. Hafnar M því að lögregluskýrsla hafi sönnunargildi um atvik í málinu þar sem lögregla hafi ekki ritað rétta frásögn eftir M. Þá hafi hún ekki verið borið undir hann til samþykktar. Hann hafi umræddan dag verið í áfalli auk þess sem hann talar hvorki íslensku né ensku. Slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins og hafi það þar að leiðandi ekki verið rannsakað. Verði X að bera hallann af sönnunarskoti sem hlýst af því. Máli sínu til stuðnings vísar M til ýmissa ákvæða laga nr. 46/1980 og reglna nr. 647/1996 um hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð því til stuðnings að vinnuaðstæður M umrætt sinn hafi verið óforsvaranlegar. Ekkert hafi verið því til fyrirstöðu að setja upp fastan stiga sem uppfyllti öryggiskröfur laga og reglna um vinnuvernd fyrir umrætt slys. Þannig hafði X getað með fljóttum og einföldum hætti komið í veg fyrir slys M. Telur M meginorsök slyssins vera þá að laus stigi hafi verið notaður til að komast á milli hæða og að stiginn hafi ekki verið kyrfílega festur. Alla lausa stiga sem nota eigi tímabundið skuli festa örugglega. Megi þannig rekja slysið til vanrækslu vinnuveitanda á því að tryggja ekki örugga gönguleið fyrir starfsmenn sína. X hafi einnig vanrækt að gera áhættumat vegna notkunar stigans. Samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 367/2006, sbr. 1. mgr. 65. gr. a laga nr. 46/1980 beri vinnuveitandi ábyrgð á að slíkt áhættumat fari fram.

V sem er váttryggjandi X, bendir á í athugasemdum sínum að í tilkynningu M til V sé atvikum lýst með eftirfarandi hætti: „*Tjónþoli var að fara niður álstiga, aftur á bak þegar hann rann til og dettur skyndilega niður á steinsteypt gólf. Fallið var um 2 til 3 metrar (ein hæð)*“. Samkvæmt lögregluskýrslu sem gerð var á slysdegi sé atvikum lýst þannig: „[...] kvaðst hafa verið að fara niður úr álstiganum þegar hann missteig sig og féll niður á steipt gólfið og lenti á bakinu.“ Slysinu er þannig lýst annars vegar þannig að M hafi runnið til og hins vegar misstigið sig með þeim afleiðingum að hann datt. M lýsi slysinu ekki þannig að stiginn hafi runnið undan honum. Hafnar V því að slysið megi rekja til saknæmrar og ólögætrar háttsemi X. Ekkert liggi fyrir um að umræddur stigi hafi verið hættulegur, né aðrir hættueiginleikar stigans hafi ollið því að M datt umrætt sinn. Óumdeilt sé að um tilkynningarskyld slys var að ræða, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Hins vegar sé enginn ágreiningur til staðar um hvaða frásögn skuli leggja til grundvallar í málinu. Höfnun V byggi fyrst og fremst á frásögn M sjálfs á því hvað gerðist. Telur V að um óhappatilvik hafi verið að ræða og hafnar af þeim sökum bótaskyldu.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M fyrri afstöðu sína sem fram kemur í málskoti.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmrar háttsemi eða athafnaleysis af hálfu X, eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu þess hjá V. Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir að atvinnurekandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hlaut M alvarlega áverka í slysinu og var frá vinnu í nokkra mánuði í kjölfar slyssins. Þannig er ljóst að X bar að tilkynna slysið til Vinnueftirlits ríkisins án ástæðulausrar tafar. Það gerði X ekki fyrir en 2. nóvember 2022. Lögregla kom á vettvang og tók myndir og ræddi við M ásamt því að upplýsa Vinnueftirlitið um slysið. Ekki liggur fyrir hvers vegna starfsmaður Vinnueftirlitsins kom ekki á vettvang. Á grundvelli þess verða ekki talin efni til að víkja frá almennum sönnunarkröfum. Það hvílir því á M að sýna fram á að tjónið megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu þess hjá V. Í lögregluskýrslu, sem er eina samtímagagnið, er haft eftir M að hann hafi misstigið sig og fallið niður á steipt gólfíð. Verður af þeirri frásögn ekki ráðið að orsök fallsins megi rekja til bilunar eða vanbúnaðar stigans, eða annarra aðstæðna á vinnustaðnum. Ekkert bendir til þess að stiginn hafi verið haldinn galla eða óhæfur til notkunar. Samkvæmt frásögn M sjálfis missteig hann sig við að fara niður stigann. Verður af gögnum málsins ekki ráðið að stiginn hafi runnið undan honum, losnað eða verið haldinn slíkum vanbúnaði að telja megi orsök slyssins þar að finna. Um var að ræða einfalt og afmarkað verk sem M sinnti og verður því ekki talið að skortur á áhættumati eða öðrum formlegum ráðstöfunum hafi átt þátt í slysinu. Sama hætta er fyrir hendi á að misstíga sig hvort heldur sem notast er við fastan stiga eða lausan stiga sem er í lagi. Engin gögn styðja að stiginn hafi verið í ósamræmi við þær kröfur sem gerðar eru á vinnustöðum. Ekki verður heldur séð að vinnuumhverfi hafi verið óöruggt eða brugðist hafi verið grundvallarskyldum X samkvæmt lögum nr. 46/1980. Að framangreindu virtu verður að telja að M hafi ekki sýnt fram á að slysið verði rakið til brota X gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 eða reglugerða settum á grundvelli þeirra. Bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V er því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. janúar 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir